

Aðalfundur FORMA Fyrir starfsárið 2010 – 2011

Staður: Kvosin í MA

Dags: 09. október 2010

Tími: kl. 15:00

Fundurinn haldinn í tengslum við kynningarfund fyrir foreldra og forráðamenn nemenda í 1. bekk

Mætt fyrir hönd Forma: Þórleifur Stefán Björnsson, Arnfríður Kjartansdóttir, Elín E. Magnúsdóttir og Ívar Ragnarsson.

1. Fundarsetning

Þórleifur Stefán Björnsson fráfarandi formaður setti fund og stjórnaði honum. Ræddi hann lauslega um lög FORMA og að starfrækja bæri foreldrafélag við skólann skv. lögum.

2. Skýrsla stjórnar

Þórleifur flutti skýrslu stjórnar fyrir síðasta ár. Kom hann inn á helstu mál sem félagið fjallaði um á árinu m.a. ráðningu forvarnarfulltrúa við skólann. Skálaferðir nemenda á 1. og 2. ári og hugsanlega aðkomu FORMA að þeim. Þörf á endurskoðun húsreglna heimavistar með tilliti til heilla fyrir nemendur. Ræddi hann um neikvæðan þátt tengingar 1. og 4. bekkjar í formi svokallaðra busa og böðlapartía og baráttu FORMA fyrir því að nemendum undir lögaldri séu ekki leigðir salir úti í bæ fyrir slíkar samkomur. Einnig ræddi hann um nýja Íslandsáfangann og nauðsyn þess að FORMA hefði eftirlit með nýrri námskrá og ekki síst að félagið reyndi eftir megni að styðja við skólann nú á tímum niðurskurðar á fjármagni.

3. Kosning í stjórn fyrir starfsárið 2010-2011.

Þórleifur boðaði að kjósa þyrfti 3menn í stjórn og 2 til vara.

Úr stjórninni eru að ganga Þórleifur Stefán Björnsson, Arnfríður Kjartansdóttir, Elín E. Magnúsdóttir, Hrefna Ingólfssdóttir og Anna Richardsdóttir.

Brýndi hann fundarmenn til þess að styðja við félagið með því að taka sæti í stjórn þess. Skemmst er frá að segja að á skammri stundu var búið að manna stjórnina með 5 aðila til viðbótar við núverandi stjórnarmenn, þau Herdísí Ívarsdóttir og Ívar Ragnarsson. Í stjórnina buðu sig fram.

Ómar Pétursson, Ingileif Axfjörð, Helgi Þ Svavarsson, Ólína Freysteinsdóttir og Drífa Þorgrímsdóttir.

Ný stjórn mun skipta með sér verkum á fyrsta fundi sínum.

Herdís Zóphóníasdóttir fulltrúi MA í stjórn FORMA mun boða til fyrsta stjórnarfundar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 16.00

Ívar Ragnarsson
ritari